

Foreldraráð MH

Fundargerð

Fundur haldinn í MH miðvikudaginn 16. október 2019 kl. 16:15

Mættar eru: Arna Sigurðardóttir, Elísabet Einarsdóttir, Fríður Reynsidóttir, Harpa Karlsdóttir, Kristín Finndís Jónsdóttir, Nína María Morávek.

Fundur með skólastjórnendum MH og stjórn NFMH til að ræða þau mál sem snúa að foreldraráði.

Skólastjórnendum MH

1. Rætt var um þær breytingar sem gera þarf á reglugerð foreldraráðsins. Sérstaklega þarf að setja inn á heimasíðuna skýrari reglur varðandi það fjármagn sem foreldraráð hefur til umráða. Kristín Finndís, formaður sér um að gera þessar breytingar með aðstoð Helgu Jóhannsdóttur, konrektor.
2. Farið var yfir hugmynd foreldraráðs um að breyta nafninu í „foreldrafélag“. Ákveðið að gera ekki þessa nafnbreytingu þar sem að lögin tala um foreldraráð, ekki foreldrafélag.
3. Að lokum komu hugmyndir frá skólastjórnendum hvernig best væri að nýta fjármagn foreldraráðs og kom fram hugmynd um nýtt hljóðkerfi fyrir svið á Matgarði sem fyrirhugað er að hanna.

Stjórn NFMH

1. Hittum nemendaráð í aðstöðu þeirra í Norðurkjallara. Þau sögðu frá því sem framundan er í félagslífi skólans og hvað er búið að gerast á þessari önn og hvernig mæting hefur verið á þessa viðburði.
2. Aðalumræðuefni fundarins var að ræða fjármagn foreldraráðs og heyra hjá nemendaráði hugmyndir að nýtingu. Nemendaráð sagði að mikil þörf væri á nýju hljóðkerfi því mikilvægt er fyrir félagslífið að hafa aðgang að góðu kerfi. Ákveðið að nemendaráð skoði hvað slíkt kosti og ætlar Fríður að vera tengiliður í því verkefni.

Að lokum er rétt að taka fram að þau mistök áttu sér stað í síðustu fundargerð að Helga Hugrún Ketel var tekin fram sem meðstjórnandi. Hún hafði dregið sig úr stjórn á síðasta aðalafundi og er því ekki í nýrri stjórn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:30

Nína María Morávek, fundarritari.